

# MENNINGARSTEFNA KÓPAVOGSBÆJAR

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

Úr stefnu stjórnsýslusviðs:

*Öflugt og fjölbreytt menningarlíf styrkir bæjarbrag, eykur víðsýni og örvar samfélagið í heild sinni. Í menningarstarfi í Kópavogi er stefnt að virkari þátttöku almennings ekki síst barna þar sem áhersla verður lögð á að menningar- og listalíf bæjarfélagsins sé aðgengilegt öllum og eigi sér stað í öllum hverfum bæjarins. Leitast er við að færa bæjarbúum og öðrum menningarupplifun eins og hún gerist best hverju sinni í samstarfi við innlenda og alþjóðlega lista- og vísindamenn.*

## Um stefnuna

Menningarstefnan grundvallast á heildarstefnu Kópavogsbæjar sem samanstendur af hlutverki, framtíðarsýn, gildum og yfirmarkmiðum sem eru fengin úr Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni. Við gerð menningarstefnunnar var tekið mið af öðrum stefnum bæjarins. Menningarstefnan er birt á vef Kópavogsbæjar og vefsíðum menningarhúsa bæjarins.

Menningarstefnan var unnin í samstarfi lista- og menningarráðs og starfsmanna menningarmála. Stefnan var samþykkt af lista- og menningarráði og lögð fyrir nefndir og ráð allra sviða. Drög stefnunnar voru sett í samráðsgátt fyrir íbúa þar sem óskað var eftir ábendingum. Stefnan var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann xxx.

## Framkvæmd og ábyrgð

Lista- og menningarráð fer með og sinnir stefnumörkun í menningarmálum og er ráðgefandi til bæjarráðs um þau mál. Forstöðumaður menningarmála starfar með ráðinu og ber ábyrgð á framkvæmd samþykktar og ákvarðana ráðsins. Sömuleiðis ber forstöðumaður menningarmála, ásamt forstöðumönnum menningarhúsa bæjarins og öðrum stjórnendum menningarmála, ábyrgð á að framfylgja stefnunni og sér til þess að markmið og aðgerðir séu endurmetnar í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

## Tilgangur

Megintilgangur menningarstefnu Kópavogs lýtur að eflingu menningar, vísinda og lista með það að markmiði að stuðla að bættum lífsgæðum og menningarupplifun Kópavogsbúa á öllum aldri. Öflugt og fjölbreytt starf í menningu, listum og vísindum styrkir bæjarbrag, eykur vísýni, örvar samfélagið í heild og styður við efnahagslega framþróun þess. Síðast en ekki síst viðheldur það jákvæðri ímynd bæjarins og laðar að gesti og nýja íbúa.

Menningarstefnan tekur mið af yfirmarkmiðum bæjarins sem meðal annars lúta að öflugu mannlífi, framúrskarandi þjónustu við bæjarbúa og stuðningi við heilsu og velferð íbúa á öllum aldri. Þá tekur stefnan mið af gildum bæjarins. Menningarstefnan tekur mið af markmiðum Barnasáttmála SP og þeim ákvæðum Heimsmarkmiða SP sem snúa að heilsu og vellíðan (3), menntun fyrir alla (4), jafnrétti kynjanna (5), jöfnuði (10), sjálfbærum borgum og samfélögum (11) og Heimsmarkmiðum sem lúta að umhverfisvernd (13, 14 og 15).

## Efnisinnihald

Menningarstefnan felur í sér þrjár stefnuáherslur sem lúta í fyrsta lagi að aðgengi allra að menningu, vísindum og listum, í annan stað sérstöðu og faglegu starfi menningarhúsa bæjarins og að endingu víðtæku samstarfi. Hér að neðan má sjá hverja stefnuáherslu fyrir sig sem og markmiðin sem þeim fylgja.

Í menningarstefnunni er hugtakið *menning* skilgreint sem allar listgreinar og vísindi ásamt tengdu upplýsinga- og fræðslustarfi.

## Stefnuáhersla 1

Kópavogsbær leggur áherslu á að menningarstarf sé aðgengilegt öllum bæjarbúum

Kópavogsbær leggur áherslu á að list, menning og fagurfræði verði hluti af daglegu lífi bæjarbúa og stuðlar að öflugum og fjölbreyttu menningarstarfi. Til að auðvelda aðgengi bæjarbúa að menningu er eftirsóknarvert að starfrækja menningarkjarna í hverfum bæjarins þótt þungamiðja starfseminnar sé í menningarhúsunum við Hamraborgina. Sérstök áhersla verður lögð á að ná til fjölbreyttra hópa, með það að markmiði að efla þátttöku og framlag sem flestra í menningarstarfi bæjarins. Með Barnasáttmálann að leiðarljósi skal stuðla að þátttöku barna í menningarviðburðum.

### MARKMIÐ

- Að skapa frjóan og eftirsóknarverðan vettvang fyrir listamenn og aðra sem starfa við menningu, vísindi og listir.
- Að eiga samtal við íbúa um menningarmál.
- Að standa fyrir metnaðarfullri menningarfræðslu sem höfðar til ólíkra hópa.
- Að stuðla að menningarstarfi í hverfum bæjarins.
- Að efla þátttöku og framlag sem flestra í menningarstarfi.
- Að veita börnum og ungmennum tækifæri á að skapa, miðla og upplifa menningu á eigin forsendum.

## Stefnuáhersla 2

Kópavogsbær stendur vörð um sérstöðu og faglegt starf menningarhúsa bæjarfélagsins.

Menningarhús Kópavogs eru hjarta menningarlífs bæjarins. Hlúa skal að sérstöðu hvers þeirra, efla þau og styrkja og tryggja varðveislu menningarverðmæta. Menningarhúsin skulu tileinka sér faglegt starf og fræðslu og vera móttækileg fyrir alþjóðlegum straumum og stefnum á sviði menningar, vísinda og lista. Á sama tíma skal styðja við grasrótastarf og listamenn. Lista- og menningarráð styður við viðburði og verkefni innan menningarhúsanna sem höfða til íbúa og annarra gesta. Miðað skal að því að efla miðlun náttúruvísinda með áherslu á umhverfisvernd.

#### MARKMIÐ

- Að bjóða upp á lifandi menningarstarf og viðburði sem byggja á faglegum grunni.
- Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði menningar, vísinda og lista.
- Að menningarhúsin bregðist við síbreytilegu umhverfi og takist á við nýjar áskoranir hverju sinni.
- Að leggja áherslu á þjónustu við innlenda sem erlenda gesti.
- Áhersla skal lögð á opnunartíma menningarhúsanna sem kemur til móts við þarfir íbúa.
- Menningarhúsin leggja áherslu á sjálfbærni og umhverfisvernd.

### Stefnuáhersla 3

Kópavogsbær leggur áherslu á viðtækt samstarf við bæjarbúa, svið og deildir bæjarins og lista-, fræði- og vísindamenn úr ólíkum áttum.

Menningarhúsin eru í þverfaglegu samstarfi sín á milli en einnig í samstarfi við einstaklinga og hópa á innlendum sem erlendum vettvangi. Jafnframt er mikilvægt að efla samstarf við nefndir, svið, stofnanir og deildir bæjarins sem byggir á frumkvæði og gagnkvæmum vilja. Sérstaklega er horft til frekari sóknarfæra í samstarfi við grunn- og leikskóla auk frístundastarfs. Menningarfræðsla skapar frjóan jarðveg fyrir listræna og skapandi hugsun og gegna menningarhús bæjarins þar lykilhlutverki. Innan veggja þeirra þarf að fara fram markviss fræðsla með áherslu á börn og ungmenni. Með því lærir ný kynslóð að meta menningu og listir.

Lista- og menningarráð leitast eftir samstarfi við umhverfissvið Kópavogsbæjar um að fjölga útilistaverkum og hönnun lýsingar í nýjum og eldri hverfum og að slík verkefni verði byggð á þverfaglegum grunni þar sem listræn sýn ræður för.

#### MARKMIÐ

- Að viðhalda og efla þverfaglegt samstarf milli menningarhúsanna.
- Að leita eftir samstarfi við listhópa, einstaklinga, hátíðir og stofnanir á innlendum sem alþjóðlegum vettvangi.
- Að styðja við og hvetja til skapandi og listrænnar starfsemi og þátttöku.
- Að efla samstarf við grunnskóla og leikskóla.
- Stefna að markvissri varðveislu og fjölgun útilistaverka í bænum.